

Á árinu 1991 var sett á stofn nefnd á vegum Félags löggiltra endurskoðenda, Orðanefnd FLE. Hlutverk nefndarinnar var í fyrsta lagi að finna heppilegar þýðingar á erlendum orðum á sviði endurskoðunar og reikningshalds og í annan stað að samræma þýðingar á íslenskum reikningsskilum yfir á erlendar tungur, einkum ensku. Nefndin hófst þegar handa við að afla gagna og að velja þau orð og hugtök í Íðorðaskrá FLE er féllu að framangreindu verkefni. Með Íðorði er átt við sérfræðiorð í tiltekinni fræðigreini. [HÉR ER HÆGT AÐ FARA INN Á ÍÐORÐASKRÁNA](#)

Nefndin ákvað fljótlega að ljúka seinna meginhlutverki sínu á undan hinu fyrra og á árinu 1993 sendi hún frá sér fyrstu útgáfu af útdrætti úr Íðorðaskránni á þeim orðum og hugtökum sem algengust eru til nota við þýðingar á reikningsskilum. Að auki fylgdu í þessari útgáfu þýðingar á stöðluðum áritunum á endurskoðuð reikningsskil og þýðingar á sýnishorni af skýringum í ársreikningi. Var útgáfa þessi orðin löngu tímabær þar sem í ársreikningum koma fyrir mörg sérhæfð orð og hugtök sem ekki er að finna í venjulegum orðabókum og skorti nokkuð á samræmingu milli ólíkra aðila við þýðingar á ársreikningum.

Íðorðaskrá sú sem Orðanefnd FLE lætur nú frá sér fara inniheldur rúmlega tvö þúsund orð og hugtök úr enskum texta og þýðingar á þeim yfir á íslenska tungu. Þrátt fyrir að við val þessara orða væri einkum miðað við orð er tengjast endurskoðun, reikningshaldi og skattskilum var óhjákvæmilegt að einhver skörun yrði við aðrar fræðigreinar s.s. hagfræði, lögfræði, tölfraði, tölvufræði, fjármál og viðskipti almennt, en allar þessar greinar snerta störf endurskoðenda á einn eða annan hátt. Að sjálfsögðu er hér ekki um tæmandi orðalista að ræða. Engu að síður er það mat nefndarinnar að þar sé að finna flest þau orð og hugtök sem nýtast í tengslum við störf endurskoðenda hvort heldur er í daglegum störfum þeirra eða námi. Allar ábendingar um það sem á vantar og betur má fara eru vel þegnar.

Íðorðaskráin skiptist í þrjá meginkafla. Í fyrsta kafla er orðunum raðað í stafrófsröð eftir enska textanum ásamt viðeigandi íslenskri þýðingu. Í öðrum kafla er íslenskri þýðingu orðanna raðað í stafrófsröð ásamt viðeigandi enskum orðum. Í þriðja og síðasta kafla eru algengar skammstafanir á enskum orðum og hugtökum tengdu viðfangsefninu ásamt íslenskri þýðingu eða skýringu. Látið er ógert að orðflokkgreina, kyngreina eða fallbeygja, þau orð er fyrir koma í orðaskránni eins og gjarnan er gert í íslenskum orðasöfnum. Er þá litið til tilgangsins með þessari útgáfu og væntanlegra notenda. Þá er samheita ekki getið fyrir aftan þýðingar einstakra orða ef við á heldur eru aðrir skýringarkostir sýndir sérstaklega.

Sum ensk orð hafa ólíka merkingu eftir því hvort um er að ræða breska ensku eða bandaríska ensku og er þess þá sérstaklega getið fyrir aftan viðkomandi orð í enska listanum (br.) eða (am.). Fleiri en eitt enskt orð getur jafnframt verið til um sama hugtakið bæði í breskri og bandarískri ensku og er oft áherslumunur eftir löndum hvaða orð er almennt notað. Ekki er gerð tilraun til að að gera hér greinarmun þegar svo stendur á. Þá er ritun sumra enskra orða ólík í breskri og bandarískri ensku og er ekki hirt um þann mun hér.

Orðanefnd FLE er skipuð 5 félagsmönnum í Félagi löggiltra endurskoðenda og er skipun nefndarinnar óbreytt frá upphafi. Það er von nefndarinnar að Íðorðaskrá þessi komi að gagni bæði félagsmönnum í FLE sem og öðrum er fást við málefni tengd reikningshaldi og endurskoðun hvort sem er við störf eða nám.

Reykjavík í júní 1996.
Orðanefnd FLE.

Sigurður P. Sigurðsson, formaður
Kristrúnar Helgu Ingólfssdóttur
Sigurþór Ch. Guðmundsson,
Símon Á. Gunnarsson,
Stefán Svavarsson